



Frá útillegu félagsins á Grenivík í sumar.

Aðalfundur

félagsins verður haldinn
29. nóvember kl. 16.00 í húsakynnum
þess að Grettisgötu 6 í Reykjavík.

Húsið verður opnað kl. 14.00 með jólabasar
til styrktar barnaheimilinu
og hjálparstarfinu í Kalkúttu á Indlandi.

Aðalfundurinn er frá kl. 16.00 til 18.00
og verður boðið upp á indverska smárétti
í fundarhléi. Auk venjulegra aðalfundarstarfa
mun Ingvar Kristjánsson
stjórnarmeðlimur í ÍÆ flytja erindi
um hjálparstarf það sem unnið er í Kalkúttu
á vegum barnaheimilisins.
Ingvar var í Kalkúttu í september sl. að sækja
dóttur sína og fékk þá tækifæri til að kynnst
vel því starfi sem þar er unnið og verður
fróðlegt að heyra frá því.

Jólaball

Jólaball félagsins verður haldið mánudaginn
29. des. kl. 16-19. Það verður haldið í sal
Starfsmannafélags Flugleiða í Síðumúla 11.
Aðgangseyrir er 800 kr fyrir börn og 300 kr
fyrir fullorðna.

Jólaball á Norðurlandi

Norðurlandsdeildin mun halda jólaskemmtun
á milli jóla og nýárs. Ekki er enn búið að
ákveða stað og stund en Helgi Stefánsson í
síma 462 5424 og Sigurlína Jónsdóttir í síma
464 1524 gefa nánari upplýsingar.

Meðal efnis:

Bls. 2 Frá skrifstofu

**Bls. 3 Ekki eru allir
íslendingar eins**

Bls. 4 Indlandsferð

**Bls. 6 Ég er íslensk
ættleidd frá Kóreu**

Bls. 8 Mjólkursykursóþol



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

**Fréttabréf Félagsins
Íslensk Ættleiðing**

Útgefandi:

Íslensk Ættleiðing
Grettisgötu 6
101 Reykjavík
Sími: 551 4280
Fax: 562 4910

Ábyrgðamaður:

Olga Stefánsdóttir

Ritnefnd:

María J. Gunnarsdóttir
Snjólaug Stefánsdóttir

Opnunartími skrifstofu:

kl. 10-12 miðvikudag og föstudag
Starfsmaður skrifstofu:
Guðrún Sveinsdóttir

Stjórn:

Ingibjörg Birgisdóttir, formaður
Lisa Yoder, varaformaður
Olga Stefánsdóttir, gjaldkeri
Ingvar Kristjánsson, ritari
Guðrún Sveinsdóttir, meðstjórnandi
Guðlaug Guðmundsdóttir,
varamaður
Ásdís Guðmundsdóttir, varamaður

Fulltrúar í Norðurlandsdeild:

Elín Hallgrímsdóttir, Akureyri
Helgi Stefánsson, Akureyri
Sigurlína Jónsdóttir, Húsavík

Fræðslunefnd:

Ásdís Guðmundsdóttir
Guðlaug Guðmundsdóttir

Umbrot og prentun:

Prentstofan
Hvíta Örkin

Fréttir frá skrifstofu

Heimsókn til Kalkútta. Í júní s.l. fóru Olga Stefánsdóttir og Guðrún Sveinsdóttir til Kalkútta til fundar við Anju en eins og kunnugt er tók hún við rekstri barnaheimilisins eftir fráfall Chandana í október á síðasta ári. Á barnaheimilinu var allt í góðu lagi og mikill hugur og kraftur í Anju og Tony syni hennar að halda starfi Chandana áfram. Óvissan um framtíð heimilisins er því úr sögunni en jafnframt er það ljóst að við verðum að styðja vel við bakið á þeim til að gera þeim kleift að halda starfinu áfram. Við félagsmenn og þá sérstaklega foreldrar indverskra kjörbarna verðum nú að taka höndum saman og leggja okkar af mörkum svo að þetta verði mögulegt. Frá Kalkútta hafa komið 6 börn á árinu, eitt barn biður úti og fleiri eru væntanleg á næstunni. Sem stendur er biðlisti stuttur og einnig er verið að láta reyna á nýtt samband í Madras sem nú heitir Chennai á Suður-Indlandi.

Tafir vegna lagabreytinga í Rúmeníu. Tvö börn hafa komið frá Rúmeníu á árinu og gengu málin nokkuð eðlilega þó biðtíminn hafi verið lengri en við var búist. Eitt barn biður nú úti auk þess sem lögfræðingur okkar hefur fengið allmargar umsóknir til vinnslu og einnig eru umsækjendur að vinna í sínum umsóknum hér heima. Í sumar urðu miklar breytingar í stjórnkerfinu í Rúmeníu og voru barnaverndar- og ættleiðingarmál sett undir nýtt ráðuneyti sem heyrir beint undir forsætisráðherra. Það fólk sem nú vinnur að ættleiðingarmálum er allt að gera það í fyrsta skipti og eftir nýjum ættleiðingarlögum sem byggjast á Haag-sáttmálanum frá 1993 sem er grundvöllurinn að öllum nýjum ættleiðingarlögum í heiminum í dag. Öll nágrannalönd okkar og mörg fæðingarlönd barnanna hafa staðfest þennan sáttmála og vinna eftir honum í dag. Ísland hafði ekki fulltrúa við gerð þessa sáttmála og getur því ekki staðfest hann. Það hefur í för með sér ýmis vandamál fyrir okkur, m.a. að gera þarf sérstakan samning á milli dómsmálaráðuneytisins hér og ættleiðingarnefndarinnar (RAC) í Rúmeníu þar sem Rúmenía er aðili að sáttmálanum. Dómsmálaráðuneytið hefur afgreitt beiðni RAC um sersamning og vonandi getum við tekið upp þráðinn fljótlega. Lögfræðingur okkar í Rúmeníu M. Coman er tilbúin að hefjast handa um leið og þetta verður komið á hreint. Þegar nýju íslensku ættleiðingarlögin verða samþykkt frá Alþingi getur Ísland sótt um að verða aðili að Haag-sáttmálanum og slíkir sersamningar verða þá úr sögunni, en því miður virðist ætla að verða bið á því.

Tæland. Ein lítil stúlka kom þaðan í sumar. Frágangur mála í landinu er góður og kostnaður lítill en biðtími langur. Við getum tekið við fleiri umsóknum þangað.

Kína. Í september fengum við þær fréttir að samband kæmist sennilega á í vetur. Síðan kom til landsins gestur sem Kínverjar voru ósáttir við, þannig að mál eru í biðstöðu í bili. Nokkrir á biðlista hafa áhuga á Kína en þegar samband kemst á verður hægt að senda þangað umsóknir.

Kólumbía. Engir umsóknir eru þar á vegum félagsins en nú höfum við eignast þar tengilið í fyrsta skipti. Ungir umsækjendur eru þar í forgangshópi.

Nú er í undirbúningi könnun á högum ungmenna sem fædd eru erlendis og ættleidd af íslenskum kjörforeldrum. Við erum oft spurð hvernig unglingunum líði og það er erfitt að geta ekki vitnað í neinar rannsóknir sem hér hafa verið unnar. Okkar tilfinning er sú að flestum vegni vel, þótt unglingarárin geti vissulega oft verið erfiður tími, en það verður gaman að geta vísað í þessa könnun sem unnin verður af háskólanema sem verkefni í uppeldisfræði. Við vonumst til að viðbrögð fjölskyldna og þátttaka verði góð.

Ekki eru allir Íslendingar eins

Ingibjörg Birgisdóttir

Nú hefur loksins verið gerð rannsókn hér á Íslandi á því hvernig ættleiddum börnum og fjölskyldum þeirra hefur vegnað. Ég segi loksins vegna þess að slíka rannsókn hefur sárlega vantað í umræðuna um ættleiðingar. Fólk veltir því að sjálfsögðu mikið fyrir sér hvernig börnunum hefur vegnað hér á landi þegar rætt er um möguleikann á ættleiðingu, en hingað til hefur ekki verið hægt að styðjast við „vísindalega könnun“.

Rannsókn þessi var B.A. verkefni Kristbjargar Leifsdóttur í uppeldisfræði við HÍ og heitir: “Ekki eru allir Íslendingar eins”, viðtöl við foreldra sem hafa ættleidd börn erlendis frá. Rannsóknin var um 2 ár í vinnslu og var gefin út í júní s.l. Saga kjörforeldranna er skoðuð, ástæða fyrir ættleiðingu rakin, fjallað um hvernig hafi gengið með ættleidda barnið og hvernig því hafi verið tekið af vinum og ættingjum. Þá er fjallað um reynslu foreldranna af undirbúningi að ættleiðingunni og skoðað hvernig þeim leið áður en þau ættleiddu börnin. Íslensk Ættleiðing hafði milligöngu í að útvega hluta þátttakendanna í rannsókninni og Kristbjörg sá sjálf um að afla annarra. Öll börnin áttu það sameiginlegt að hafa annan húðlit en kjörforeldranir og voru ýmist ættleidd með aðstoð félagsins eða ekki og voru á aldrinum 7 til 22 ára, 12 talsins. Alls tóku 7 hjón þátt í rannsókninni öll búsett á Stór-Reykja-víkursvæðinu. Ekki voru sendir út staðlaðir spurningalistar heldur voru öll hjónin heimsótt og þau sögðu Kristbjörgu sína sögu af ættleiðingunni og lífi fjölskyldunnar árin á eftir. Þessi háttur á rannsóknunum gefur mun persónulegri og nákvæmari upplýsingar en spurningalistar geta gert. Að sjálfsögðu ríkir algjör trúnaður við þátttakendur og er öllum nöfnum og fæðingarlöndum barnanna breytt þannig að ekki er hægt að þekkja hverjir eiga í hlut.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru þessar helstar:

Mikill þrýsingur var á foreldrana að eignast börn. Sérstaklega höfðu konurnar tekið barnleysið nærri sér og einkenndust árin fyrir ættleiðinguna af mikilli vanlíðan og höfnun hjá þeim. Þar kom skýrt fram að íslenskt þjóðfélag gerir einfaldlega ráð fyrir því að allir eignist börn, það sé „normið“. Vissulega er erfitt fyrir marga að lifa við þá pressu frá samfélaginu ásamt þeim veruleika að vita að maður getur ekki fætt af sér börn.

Hjónin voru öll sammála um að ættleiðingin hafi gengið vel og að þau hafi verið mjög heppin. Börnunum hafi verið vel tekið af fjölskyldum, vinum og samfélaginu, en þau höfðu haft áhyggjur af því að þeim yrði jafnvel hafnað. Foreldrar yngri barnanna höfðu meiri áhyggjur af framtíðinni en þeir foreldrar sem voru búnir að ganga í gegnum unglingsárin með sínum börnum. Foreldrarnir höfðu lagt mikið á sig til að skapa

stöðugleika í lífi barnanna t.d. með því að flytja ekki á milli hverfa til þess að börnin þyrftu ekki að skipta um skóla og félag. Með því vildu foreldrarnir tryggja það að börnunum yrði ekki hafnað af umhverfinu vegna litarháttar og uppruna. Allir foreldrarnir leggja mikla áheyrslu á að börnin fái góða menntun, sem vörn gegn fordómum og til að eiga jafna möguleika á atvinnu. Nokkuð bar á hræðslu foreldranna við aukinn fjölda útlandainga hér á landi og töldu þeir að það fólk hafi neikvæð áhrif á börnin þeirra. Kristbjörg telur að foreldrarnir verði að hugsa vel um tilfinningar sínar og skoðanir í þessum efnum því ætla má að sá ótti sem þau bera í brjósti geti haft neikvæð áhrif á sjálfsmýnd barnanna, sérstaklega þar sem oft er um að ræða fólk frá sömu löndum og börnin þeirra komu frá.

Ekki kom fram að vandamál í uppeldinu væru sérstaklega til komin vegna þess að börnin væru ættleidd, heldur miklu frekar að þau væru sama eðlis og í öllum öðrum fjölskyldum. Unglingsárin eru alltaf átakatími í lífi mannsins og ekki síst í dag þegar börn og unglingar verða fyrir stöðugu áreiti frá samfélaginu. Það er svo margt í boði og svo margt að varast, að lífið getur orðið mjög flókið. Kjörforeldrar vanda sig ef til vill betur en aðrir því að þeir eru jú með „stimpilinn“ góða sem hæfir foreldrar og hafa vissulega lagt mikið á sig til að verða það. Þeir eru margir í nánara sambandi við börnin sín vegna þess að aðrar spurningar rísa í þeirra uppeldi og umræðan um ættleiðinguna, og það sem hún felur í sér, er þess eðlis að sambandið verður nánara, það er að segja þar sem vel tekst til.

Að síðustu tekur Kristbjörg saman ástæður fólks fyrir því að ættleiða börn erlendis frá. Í fyrsta lagi er auðvitað eins og flestir vita afar sjaldgæft að hægt sé að ættleiða íslensk börn. Foreldranir settu það fyrir sig að helst væri um að ræða börn sem tekin hefðu verið frá kynforeldrum sínum vegna vanhæfi þeirra. Og umhugsunartími sá sem kynmóðirin hefur samkvæmt lögum var nokkuð sem flestum fannst óhugsandi að ganga í gegnum ásamt því að búa við það að fjölskylda barnsins gæti gert tilkall til þess, viljað kynnast því og umgangast það.

Það er óhætt að fullyrða að það var ekki margt sem kom verulega á óvart í svörum hjónanna. Flest af því erum við búin að reyna sjálf. Þeir sem vinna að ættleiðingum bæði hér hjá ÍÆ og í nágrannalöndum okkar hafa sömu sögu að segja en ég vil leggja áheyrslu á að sú staðreynd gerir rannsókn sem þessa **alls ekki óþarfa**. Þvert á móti er nauðsynlegt að fá þessa vitneskju okkar staðfesta með vísindalegum hætti, og best væri auðvitað að hafa slíka könnun með reglulegu millibili. Eins væri mjög spennandi ef gerð væri könnun meðal þeirra ættleidda einstaklinga sem nú eru komnir á og yfir unglingsárin og heyra þeirra eigin sögu. Úr slíkri rannsókn væri án efa margt hægt að nota í vinnunni við ættleiðingar.

Frh. á bls. 12

Indlandsferð

Heimsókn til Anju í Calcutta sumarið 1997

Anju hefur gengið vel að halda við því starfi sem Chandana stóð fyrir. Mikilvægt er fyrir okkur að halda góðum tengslum við hana og styðja vel við bakið á henni. Undirrituðum gafst kostur á að heimsækja í sumar þá kunnu borg Indlands, Calcutta (City Of Joy) sem allir Indlandsfarar okkar félags þekkja að einhverju leyti, eftir að hafa sótt börn sín þangað.

Ferðin hófst föstudaginn 29. ágúst en komið var til Calcutta aðfararnótt sunnudagsins 1. september og dvaldi ég á Hótel Park við Parkstreet, en það er að mínu mati hið ágætasta hótél.

Mánudaginn 2. september var ég sóttur af starfsfólki Indian Society for Rehabilitation of Children og farið með mig á barnaheimilið MATRI SNEHA þar sem ég í fyrsta skipti sá nýju dóttur mína. Eftir að hafa verið þar um stund var mér boðið að kynnst starfsemi ISRC en það rekur eða styður hjálparstarfsemi á hinum ýmsu sviðum í Calcutta. Eins og gefur að skilja er slík starfsemi oft mjög erfið í fátæku landi eins og Indlandi og byggist hún að verulegu leyti upp á aðstoð erlendis frá. Hér skal greint frá þeim helstu hjálparverkefnum sem mér gafst kostur á að kynna mér í þessari heimsókn, en varla þarf að hafa mörg orð um barnaheimilið Matri Sneha (Móðurást) því það ættu flestir að þekkja.

Forskólinn Purba Rajganga

Fyrsti viðkomustaður minn var forskólinn Purba Rajganga sem er í útjaðri byggðar í suðausturhluta Calcutta í



Skólinn Purba Rajganga séður utan frá

fátækrahverfi, en þar eru íbúarnir mjög fátækir og búa í algjörum hreysum. Foreldrar eru ólæsir og óskrifandi, flestir atvinnulausir eða hafa aðeins vinnu sem til fellur hverju sinni. Þeir geta ekki hjálpað börnum sínum við að komast til náms og telja jafnvel að slíkt sé algjör óþarfi þar sem þeir hafi komist

af án menntunar. Í þessum skóla sem rekinn er eingöngu af ISRC er um 35 til 40 börnum á aldrinum 3ja til 5 ára frá þessum heimilum hjálpað á svipaðan hátt og gert er í leikskólum hér á landi. Þau leika sér, læra litrófið, þekkja dýr og hluti með nafni, stafrófið og annað sem að gagni má koma áður en þau fara í forskóla. Auk þess fá börnin eina máltíð á dag. Forsenda fyrir því að börnin geti lært er að þau fái að minnsta kosti eina máltíð á dag. Ekki er hægt að reikna með að þau fái alltaf að borða heima. Skólinn er heldur illa búinn kennslugögnum en reynt er að bæta þau eftir því sem fjármunir leyfa.



Börnin í skólastofunni í Purba Rajganga

Behala Bikasan dagheimili fyrir þroskahefta.

Næst var haldið til BEHALA BIKASAN sem er dagheimili fyrir þroskaheft börn og unglinga. Á þessu heimili, sem rekið er af foreldrum barnanna og starfað hefur síðustu 10 ár, eru 19 nemendur. Þeir fá kennslu og stuðning frá sérþjálfuðu starfsfólki til að þroskast og læra til að geta tekist á við framtíðina. Auk starfsfólks eru mæður barnanna til aðstoðar. Þessi stofnun er styrkt af ISRC en að öðru leyti er heimilið rekið fyrir gjafafé, framlög foreldra og með sölu á hlutum sem nemendur búa til sjálfir.

Grunnskólinn Ballygunge Prathamik Vidyalaya.

Næst var haldið í grunnskólann Ballygunge Prathamik Vidyalaya sem er í fátækrahverfi í Suður-Calcutta. Skólinn er fyrir nemendur á aldrinum 6 til 10 ára og skiptist í tvær deildir, yngri og eldri deild. Í skólanum eru 250 nemendur frá fátækum heimilum. Skólinn er rekinn af ríkinu svo langt sem það nær, en ekki væri unnt að halda uppi skólastarfi ef ekki kæmi til aðstoð frá öðrum.

Megin markmið skólans er að mennta og gera nemendur frá þessu fátæka svæði stolta af að mennta sig. ISRC sér meðal annars um að gefa nemendum eina staðgóða máltíð á dag alla virka daga vikunnar. Foreldrar þessara barna eiga mjög erfitt með að fæða þau með staðgóðum mat, sem er undirstaða þess

að þau nái að einbeita sér að náminu. Það eykur einnig áhuga á skólagöngunni að vita að þar er hægt að fá örugga máltíð á hverjum degi, nokkuð sem ekki er hægt að reikna með að fá heima.

Börnin virtust vera hin ánægðustu og aðspurð sögðust þau hafa gaman af náminu. Þau spurðu margs um landið mitt, hvernig við byggjum, skólana og hvort þar byggji margt fátækt fólk. Eftir að ég hafði sagt þeim frá landi og þjóð, skólum og öðru sem spurt var um, létu sum þeirra í ljósi óskir um að fá að búa á Íslandi.

Grunnskólinn Haltu Prathamik Vidalaya.

Að lokum heimsótti ég grunnskólann Haltu Prathamik Vidalaya sem einnig er í fátækrahverfi Suður-Calcutta og er einnig rekin af ríkinu. Meginhlutverk ISRC er að sjá til þess að nemendur fái að minnsta kosti eina staðgóða máltíð á dag, en til þess að sinna því verkefni starfa á vegum ISRC fjórir starfsmenn.

Í þessum skóla eru um 200 nemendur og sumar bekkjardeildir eru í einu og sama rými. Það er næstum ógerlegt að skilja hvernig nemendur geta lært við þessar aðstæður. Þarna eru nemendur á ýmsum aldri í sama bekk, margir kennarar að tala í einu, hluti nemenda að lesa, aðrir að skrifa eða reikna og enn aðrir að matast.

Annað hjálparstarf ISRC

Þess skal að lokum getið að ISRC vinnur að ýmsum öðrum hjálparstörfum í Calcutta og má þar nefna mjög mikilvægt verkefni eins og styrki til læknishjálpar við fátæk börn. ISRC hefur veitt fjárhagsstuðning við um það bil 60 hjartaaðgerðir á fátækum börnum á þessu ári en beiðnir um fjárstuðning við 85 læknaaðgerðir liggja fyrir en ekki er hægt að sinna þeim öllum sökum fjárskorts. Þá styrkir ISRC einnig á hverjum tíma 15 ungar konur til hjúkrunarnáms við Mandara Hospital í Calcutta, en að námi loknu fara þær til starfa við heilsugæslustöðvar í nálægum þorpum.

Einnig veitir ISRC velferðarstyrki til fátækra kvenna sem vilja læra ýmsan heimilisíðnað sér og sínum til framdráttar með því að framleiða vörur til að selja. ISRC veitir auk þess námsstyrki til um það bil 55 fátækra ungmenna og eru styrkirnir háðir námsárangri og falla niður ef nemendur sýna lélegan árangur í námi og eða stunda námið slælega. Þá er veitt tímabundin aðstoð við fjölskyldur sem misst hafa fyrirvinnu eða orðið fyrir öðrum sambærilegum áföllum.

Eftir að hafa heimsótt þá staði sem ég hefi greint frá hér að framan, þá verður að segjast eins og er að ekki er nokkur leið að gera sér grein fyrir aðstæðum sem börnin eiga við að búa án þess að hafa séð það með eigin augum.

Að endingu vil ég hvetja félagsmenn og aðra lesendur til að styrkja gott málefni með því að gerast styrktaraðilar. Það mætti til dæmis hugsa sér að fjölskyldur legðu fram svo sem eins og 500 til 1000 krónur á mánuði, en 1000 krónur nægja fyrir fæði, skólabókum og ýmsu fleiru fyrir einn nemanda. Íslensk Ættleiðing mun hafa milligöngu um að senda féð til Indlands og ISRC mun skila skýrslu til LÆ árlega um í hvaða verkefni féð hefur verið notað.

Ingvar Kristjánsson.

Komið þið sæl!

Siðir og venjur við að heilsa eru mjög mismunandi í heiminum. Á Indlandi segja Hindúar “namaste” eða “namaskar”, sem þýðir ég heilsa þér með virðingu, þegar þeir heilsast. Múslimar á Indlandi segja “Assalam alaikum” sem þýðir friður verði með þér og þá er svarað “vaalaikum salaam” friður veri með þér einnig. Hindúar leggja saman hendurnar upp við hökuna og lúta höfði örlítið þegar þeir heilsa. Þessi siður á að tákna kveðju til hinnar guðdómlegu manneskju. Að heilsast með handabandi eða kossi þykir ekki tilhlýðilegt. Ef maður er í vafa er best að bíða og láta Indverjann taka frumkvæðið.

Í Kína er heilsað nú til dags með orðunum “nio hao” eða hvernig líður þér? Síðan er oft spurt hvort viðkomandi hafi borðað í dag og svarið er: já, ég hef borðað. Þetta er gamall siður og snýst ekki einungis um mat. Góð og róleg máltíð bar vitni um að allt væri í lagi í fjölskyldunni og friður væri í landinu. Í Kína er núorðið venja að heilsast með handabandi.

Í Rúmeníu er venja að segja “buna ziua” sem þýðir góðan dag. Samkvæmt eldri siðvenjum heilsa eldri menn konum í fyrst skipti með því að kyssa á hönd þeirra. Yngri menn segja frekar “sarut mina” sem þýðir ég kyssi á hönd þína án þess að láta gjörðina fylgja. Þegar vinir hittast t.d. tvær vinkonur heilsast þær með því að kyssast á báðar kinnar. Á eftir kveðjunni “buna ziua” er gjarnan bætt við, “ce faci”, eða hvernig hefur þú það.

MJG/(Heimild: Verdensbarn nr.2/1997)

Ferðir til upprunalandins

Ég hef mikinn áhuga á að fara með syni mínum til Indlands og skoða landið hans og menningu þess með honum. Skemmtilegt væri að gera þetta með hóp, börnum og foreldrum þeirra sem færu í sama tilgangi og við. Síðastliðið vor skipulagði norska ættleiðingarfélagið “Adoptionsforum” ferð til Indlands fyrir börn og foreldra. Hópurinn flaug saman til Delhi. Þar var stoppað í nokkra daga. Síðan skiptist hópurinn og heimsóttu þá staði sem börnin komu frá. Síðan sameinaðist hópurinn aftur í Bombay og fór þaðan á baðströndina á Goa. Mér skilst að töluvert sé um að börn og foreldrar á Norðurlöndum fari saman til að skoða upprunalandið og eru ferðirnar skipulagðar af félögunum. Það væri gaman ef við gætum skipulagt slíka ferð.

Margir foreldrar hér eiga bæði börn bæði frá Sri Lanka og Indlandi og mætti hugsa sér að sameina það í eina ferð að skoða báða stöðina. Þessi ferð yrði töluvert dýr því væri gott að byrja að skipuleggja og safna fyrir ferðinni. Einnig er nauðsynlegt að búa sig andlega undir hana með því að lesa og fræðast til að njóta betur þess sem við skoðum og sjáum.

Þeir sem hafa áhuga á málinu vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

María J. Gunnarsdóttir
Sími: 588 8468

Ég er íslensk, ættleidd frá Kóreu

Viðtal við Svanhildi Helgadóttur

Við sátum þrjár og hámuðum í okkur vöflur með rjóma og sultu, tvær miðaldra mæður ættleiddra barna frá Asíu og ung stúlka sem var ættleidd frá Kóreu fyrir rúmum 25 árum, þá átta mánaða gömul. Við forvitnar og spurular um hagi hennar, hvernig það hafi nú verið að alast upp á Ísland svona skáeygðari og dökkhærðari en jafnaldrar hennar og við hin. Hún man auðvitað ekki eftir öðru og bar landi sínu, vinum og vandamönnum vel söguna.

Unga stúlkan heitir Svanhildur í höfuðið á ömmu sinni, Svanhildi Steinþórsdóttur. Móðir hennar er Hrefna Kristmannsdóttir, jarðefnafræðingur og faðir er Helgi Björnsson, jöklafræðingur. Hún var ættleidd frá Kóreu árið 1971 þá 8 mánaða gömul. Í dag er Svanhildur nemandi í Kennaraháskóla Íslands og hún hefur orðið:

„Mamma og pabbi bjuggu í Noregi þegar þau ættleiddu mig. Það var komið með mig til þeirra þannig að þau fóru ekki til Kóreu, ekki þá. Þau fluttu heim mjög fljótlega eða strax eftir að ég kom til þeirra, þannig að ég er alveg alin upp á Íslandi. Ég á tvö yngri systkini, þau eru ekki ættleidd.



Fjölskyldan í Japan

Bróðir minn, Björn, er þremur árum yngri en ég, en systir mín, Ásdis, er ellefu árum yngri. Ég fann svo sem engan mun á okkur vegna þess að ég væri ættleidd en þau ekki. Ég og bróðir minn notuðum þó þessa staðreynd þegar við vorum yngri og vorum að rífast og afar illa lá á okkur. Þá létum við fjúka að við værum sko ekki alvöru systkini. Þetta voru svona venjulegar systkinaerjur og ekkert alvarlegra en það.“

Manstu eftir eitthverju sérstöku atviki, stað eða stund, þegar þú gerðir þér grein fyrir að þú væri ættleidd og hefðir fæðst í öðru landi?

„Þessi vitneska hefur fylgt mér, ég hef alltaf vitað það. Mamma sagði mér alltaf frá að ég hefði fæðst í öðru landi, þannig að ég man ekki eftir að hafa orðið hissa eða uppgötvað eitthvað sérstakt í þessu sambandi. Ég held að það hafi verið rétt hjá foreldrum mínum að hafa þetta svona“


Hefur þú verið í sambandi við aðra krakka sem voru ættleiddir frá öðrum löndum?

„Nei, ég veit um tvær stelpur sem voru ættleiddar frá Kóreu um svipað leyti og ég, en við höfum ekki verið í sambandi að heitið getur. Mamma segir að ég hafi ekki viljað fara á samkomur ættleiddra barna þegar ég var yngri. Hins vegar hef ég unnið með stelpu frá Víetnam og það sköpuðust ákveðin tengsl á milli okkar.“

Hvað með vini og skólafélaga?

„Ég var oftast eina barnið í mínu umhverfi sem var með framandi útlit og hafði það bæði kosti og galla. Gallarnir og stundum kostirnir voru að allir tóku eftir mér og þegar við krakkarnir vorum í einhverjum prakkaraskap var alltaf munað eftir mér, ég þekktist alltaf úr. Ég man líka eftir að það voru krakkar í skólanum, ég held ég hafi þá verið komin á unglingsaldur, sem tóku upp á því að kalla mig Kínverja. Við, það er ég og vinir mínir, ákváðum að hafa gaman að þessu og láta sem ég væri kínverji sem byggi yfir helstu kostum Kínverja eins t.d. umtalsverðri karateþekkingu o.fl. Svo lenti ég líka í að fólk í verslunum og víðar byrjaði oft að tala við mig á ensku því það bjóst ekki við að barn með útlitið mitt talaði íslensku.“

En Svanhildur heldur áfram: „Vinir hafa alltaf skipt mig miklu máli og ég hef alltaf átt vini sem hafa getað stutt mig ef ég á eitthvað erfitt og öfugt. Ég hef sem betur fer alltaf átt góða vini.



Svanhildur nýkomin til Íslands.

Hvernig voru unglingsárin?

„Sem barn var ég alltaf hálf hrædd við unglinga, ég veit ekki hvers vegna en mér fannst þeir einhvern veginn ógnvekjandi. Unglingsárin hjá mér voru ágæt eins og ég man þau og liðu stóratákalaust. Ég tók aldrei gelgjuna út af fullum þunga, heldur var úti að leika mér með yngri krökkum meðan skólafélagarnir voru í öðrum þælingum. Ég var líka ári á undan í skóla, þannig að ég var alltaf yngst. Ég held svona eftir á að það hafi ekki verið sérlega sniðugt að vera ári á undan í skóla, svo var ég feimin og er enn. Ein ástæðan fyrir því að ég valdi að lokum að fara í Kennaraháskólann var til að venja mig af feimninni“.

Hvað með fordóma?

„Íslendingar geta verið fordómafullir og dómharðir og því held ég að það sé nauðsynlegt að leggja mikla áherslu á að kenna nýbúum íslensku svo þeir hafi séns í þessu samfélagi. Mér hefur oftast verið mætt af fullri kurteisi, en auðvitað lendi ég oft í sérkennilegri stöðu vegna framandi útlits míns, t.d. hafa gestir heima hjá mér haldið að ég væri au-pair stúlka á heimilinu. Ég hef skorið mig úr. Það er því mikill léttir að vera í stórborgum erlendis og falla þar inn í fjöldann. Það er hvíld í því að vera ein af mörgum án þess að sérstaklega sé tekið eftir manni. Vinir mínir segja að ég sé Kani í mér, enda líður mér eiginlega hvergi betur en í Bandaríkjunum og legg ég mikið upp úr því að komast til útlanda eins oft og ég get“

Hefur þú komið til Kóreu?

„Við vorum svo heppin að mamma fékk styrk til háskólarannsókna í Japan fyrir nokkrum árum. Þá voru foreldrar mínir nýskilin. Við krakkarnir fórum með mömmu til Japan og var okkur tekið alveg frábærlega. Við

vorum þarna í tvo mánuð, mamma við rannsóknir, systir mín í skóla og ég og bróðir minn sáum um heimilið þarna úti á meðan. Þetta var ævintýri. Það var þægilegt að falla inn í umhverfið og margir héldu að ég væri leiðsögumaður fyrir fjölskyldu mína. Þarna var ég eins og hinir, en fjölskyldan fékk að upplifa hvernig það er að vera öðruvísi. Í framhaldi af dvölinni í Japan fórum við til Seoul í Kóreu. Það var greinilegur munur á aðstæðum fólks í þessum löndum. Japanar hafa það mun betra en Kóreubúar. Mamma dró okkur borgina á enda í leit að ættleiðingaskrifstofunni og er ég henni þakklát fyrir það, núna eftir á. Við sáum skýrslurnar um mig, en það var ekkert nýtt í þeim, þetta voru sömu skýrslunar og við höfðum hér heima. Ég fékk ekki neinar nýjar fréttir. Ég vissi að ég hafði fundist og það hafði verið komið með mig á barnaheimilið“

Við hverju hafðir þú búist?

„Ég veit það ekki alveg, ég veit ekki við hverju ég bjóst. En ég neita ekki að ég varð fyrir vonbrigðum að fá ekki neinar nýjar upplýsingar. Ég býst ekki við að ég geri mikið meira í málinu, þó að stundum verði ég forvitin um uppruna minn, t.d. hvernig foreldrar mínir líta út. En það yrði tímafrek leit og dýr og alltaf spurning hvernig maður ver best tíma sínum og peningum“.

Veistu meira um Kóreu en aðrir jafnaldrar þínir?

„Ég verð að játa að ég veit ekki mjög mikið um Kóreu. Vissulega er ég núna búin að koma þangað þannig að veit svolítið, en vildi vita meir. En mér finnst ég fyrst og fremst vera íslensk og svo er ég kannski dálítill Kani í mér. Ég er þó fljót að verja Kóreu ef á hana er hallað“.

Svanhildur var farin að líta á klukkuna þegar hér var komið sögu, hafði lofað að koma við og ná í mömmu sína. Um leið og hún er að hafa sig til og við erum að kveðjast, lítur hún í spegil í andyrinu og strýkur í gegnum stutt svart hárið og segir „ég er löngu hætt að taka eftir því að ég sé eitthvað öðruvísi en aðrir Íslendingar“

SS/MJG



Svanhildur með vinkonum sínum

Mjólkursykursóþol

Unnur Steina Björnsdóttir, læknir

Kolbrún Einarsdóttir, næringarráðgjafi

Mjólkursykur (laktósi) er svokallaður tvísykrungur sem brotnar niður í tvo einsykrunga í mjóginni. Niðurbrotið verður með hjálp efnahvatans laktasa sem myndast í slímhúð mjóginis. Ef laktasa vantar eða er í of litlu magni, frásogast mjólkursykurinn ekki og fer óbrotinn niður í ristil. Bakteríuflóran í ristlinum nýtir þá mjólkursykurinn og við það myndast loft. Helstu einkenni mjólkursykursóþols eru niðurgangur, uppþembu, vindgangur og krampakenndir verkir.

Hvað er Mjólkursykursóþol?

Sjúklingar með mjólkursykursóþol vantar í görnina hvata (laktase) sem brýtur tvísykrunginn mjólkursykur í einsykrung. Ómeltir tvísykrungar safnast í görninni og valda vökvæsöfnun og þar með niðurgangi. Bakteríur geta brotið sykrunginn niður og verða hægðirnar súrar og þeim fylgir mikill loftgangur.

Laktósi (mjólkursykur) → Glúkósi + Galaktósi

laktasi

Mjólkursykursóþol er algengur sjúkdómur

Mjólkursykursóþol er algengur kvilli um allan heim, að undanskilinni Norður-Evrópu. Talið er að 75% manna þjáist af mjólkursykursóþoli, því má segja að hér sé um „eðlilegt“ ástand að ræða. Algengi „sjúkdómsins“ í Norður-Evrópu er innan við 20 %. Sjúkdómurinn hrjáir yfir 90% einstaklinga af Asískum og Afrískum uppruna og Indíána. Auk þess er sjúkdómurinn algengur á svæðum kringum Miðjarðarhaf. Algengt er að sjúkdómsins verði vart á milli 10-20 ára. Ungabörn eru oftast ekki með sjúkdóminn, en tímabundið mjólkursykursóþol getur sést hjá öllum börnum eftir t.d. sýkingar og aðgerðir í meltingarvegi.


Einkenni

Flestir sjúklingar fá niðurgang, uppþembu og vindgang eftir neyslu mjólkurafurða. Barn sem þolir ekki sykrunginn er oft létt miðað við aldur og hæð og fær

oft niðurgang. Fullorðnir finna fyrir miklum loftgangi, garnagauli, uppþembu, niðurgangi og kviðverkjum. Einkenni eru háð magni sem neytt er. Þannig fá sumir einungis einkenni við að fá sér t.d. stóran ís, eða fullt mjólkurglas, en finna ekki fyrir einkennum við að setja mjólk út í kaffi eða borða rjómatertu. Þol einstaklinga fyrir mjólkursykri getur verið mjög mismunandi. Flestir fullorðnir með mjólkursykursóþol þola 2-5 grömm af mjólkursykri í máltíð. Sumir þola varla neinn mjólkursykur og aðrir mun meira.

Greining

Grunsemdir um mjólkursykursóþol vakna ef barn þyngist illa og og fær oft sýrukenndan niðurgang eftir mjólkurneyslu. Fullorðnir fá auk þess uppþembu og þunnfljótandi niðurgang eftir að hafa drukkið mjólkurglas. Unnt er að greina sjúkdómin með vissu með blóðrannsókn þar sem framkvæmt er þolpróf fyrir lactosa. Þessi rannsókn er til á Íslandi. Sjúklingurinn



fær þá sömu einkenni og að ofan greinir eftir að þolprófi lýkur. Einnig er til sérstakt öndunarpróf til greiningar á sjúkdómnum, og er þetta próf bæði einfaldara og öruggara en blóðprófið. Hins vegar er slíkt tæki ekki enn til á Íslandi.

Meðferð

Mjólkursykur er eingöngu í mjólkurvörum eins og ráða má af nafninu. Hann er þó ekki í öllum mjólkurvörum. Brauðostar innihalda engan mjólkursykur og sýrðar mjólkurvörur innihalda mun minna magn af mjólkursykri en sjálf mjólkinn. Mjólkurvörur og undanrennuduft eru notuð við ýmsa matvælaframleiðslu og er því mjólkursykur í ýmsum tilbúnum réttum, farsí, pylsum, kexi, kökum og mjólkursúkkulaði.

Einstaklingar með mjólkursykursóþol verða að forðast að drekka mjólk nema í mesta lagi um ½ glas í máltíð. Þetta á við allar mjólkur- og súrmjólkurtegundir, mysu, ís og rjóma. Allir mysuostar innihalda mikinn mjólkursykur og einnig er mjólkursykur í kotasælu, rjómaosti og fetaosti. Aftur á móti er mjög lítil eða enginn mjólkursykur í öðrum ostum. Hver og einn verður að skoða hve mikið magn af þessum vörum hann þolir í einu. Unnt er að miða við að fara ekki yfir 2 grömm af mjólkursykri í máltíð. Á töflu 1 má sjá magn af mjólkursykri í ýmsum mjólkurvörum.

Þegar dregið er úr mjólkurneyslu, minnkar að sama skapi neysla á kalki. Mjólk og mjólkurvörur eru aðal kalkgjafi okkar. Lítið kalk er í öðrum matvælum. Ostar og sardínur eru góðir kalkgjafar. Ein brauðsneið með osti gefur um 150-200 mg af kalki, en brauðsneið með sardínum um 80-100 mg.

Hægt er að fá kalkbætta sojamjólk sem nota má sem útlát, við matreiðslu eða sem drykk. Ráðlagður dagskammtur af kalki er 800 mg fyrir fullorðna og börn, en er heldur hærri fyrir unglinga, konur á meðgöngu og með börn á brjósti eða 1200 mg. Ráðlagður dagskammtur fyrir nýfædd börn er 360 mg og 540 mg fyrir börn sex mánaða til eins árs. Einstaklingum með beinþynningu er ráðlagt að taka inn meira magn af kalki. Með því að borða 4 brauðsneiðar með osti daglega fá fullorðnir nægilegan dagskammt af kalki. Auk þess má nota kalkbætta sojamjólk, sardinur og taka inn kalk töflur. Þeir sem borða hvorki ost né annan kalkríkan mat þurfa 500-750 mg af kalki á dag. Rétt er að gefa börnum með mjólkursykursóþol að minnsta kosti hálfan dagskammt af kalki til viðbótar ostinum til að tryggja næga kalkneyslu. Til þess að kalk nýtist vel, er nauðsynlegt að taka inn D-vítamín. D vítamín myndast í húð þegar sól skín á húðina. Aðal D- vítamínjafinn er lýsi og því er nauðsynlegt að taka inn lýsi, sérstaklega yfir vetrartímann þegar sólar nýtur ekki við. Ein teskeið af þorskalýsi daglega uppfyllir þörfina.

Til eru ýmis lyf sem innihalda efnahvatann laktasa, og geta þau að hluta til eða alveg komið í veg fyrir þörf á skerðingu mjólkursykurs í fæðunni. Þessi lyf fást bæði í töflu- og fljótandi formi í apótekum og heilsuverslunum. Töflurnar eru teknar með máltíð sem inniheldur mjólkursykur, en dropunum er bætt út í mjólkurmatinn. Engar aukaverkanir eru af lyfjunum.

Tafla 1.

Magn mjólkursykurs í ýmsum matvörum

Meira en 4 grömm	4 – 2 grömm	2 – 1 grömm	1 – 0,1 grömm	Minna en 0,1 gramm
Nýmjólk Þurrmjólk	Súrmjólk Engjaþykkni	Ýmsar unnar kjöt- og fiskvörur	Brauð bakað með mjólk	Fastir ostar (brauðostar)
Léttmjólk	Sýrð léttmjólk	Álegg	Smurostur	Gráðostur
Fjörmmjólk	AB mjólk		Smjörlíki	Parmesean
Undanrenna	Jógúrt		Brauð	Mozzarella
Mysa	Rjómi		Brie ostur	Gouda
Mysingur	Sýrður rjómi			Óðal
Mysuostur	Kotasæla			Maribo
Ís	Rjómaostur			
Mjólkursúkkulaði				

Nýir íslendingar



Verónika Sólrún Baldursdóttir var nýorðin 2ja ára þegar hún kom til Íslands. Hún er fædd í Tælandi og kom heim í júlí með mömmu, pabba og Bjarna stóra bróður sínum.



Daniel Andri Karlsson fæddur 09.10 1996 í Kalkútta kom heim 15. júní 1997 með pabba sínum og mömmu.



Jónína Jórunn Helgadóttir f. 17.08. 1996 í Kalkútta. Guðrún og Olga höfðu mikla ánægju af að vera fylgdarmenn hennar til Íslands þann 15. júní '97.



Kristín Helga er fædd 24.11. 1995 í Rúmeníu og kom til Íslands í júlí 1997. Á myndinni eru einnig stóri bróðir hennar Björn sem er fæddur í Rúmeníu í maí 1994 og stoltir foreldrar Unnur og Kristinn.

Barnasíðan




Sandra María

Saga úr sveitinni

Einu sinni var ég í sveitinni hjá Dísu frænku minni og Bjössa frænda, þar var gaman. Ég lék stundum við Stássu, Stássa er hundurinn hennar Dísu. Það var líka lítill hvolpur á bænum sem hét Röskva. Á bænum voru líka kýr, ég rak þær út á morgnana og svo rak ég þær aftur inn þegar sólin var að setjast. Það voru líka hestar og kindur í sveitinni. Ég ætla að fara aftur til Dísu frænku næsta sumar.

Höfundur: Sandra María Jónsdóttir, 7 ára.



Skemmtileg barnasíða

Krakkar þið eruð sérfræðingar í barnasíðum og því treystum við alveg á ykkur varðandi efni á síðuna. Okkur vantar meira efni: Sögur, vísur, gátur, þrautir, brandara, teikningar og annað sem ykkur dettur í hug. Þegar þið sendið efni í blaðið þarf að fylgja með mynd af ykkur og fullt nafn og heimilsfang.

Heimilisfang blaðsins er: Barnasíðan, Íslensk ættleiðing, Grettisgötu 6, 101 Reykjavík.

Óvenjulegir vinir

Einu sinni var hestur sem hét Faxi. Hann var enginn venjulegur hestur, heldur var hann galdrahestur. Hann gat stokkið yfir allt og hann var ekki hræddur við neitt. Einu sinni var hann að labba út í skógi. Allt í einu sá hann eitthvað langt og mjótt, já, þetta var slanga. Allir segja að þið séuð vondar, sagði



Steinunn Ruth

Faxi. Þá sagði slangan, nei það er rangt, við erum góðar. Einu sinni fyrir langa löngu voru slöngur góðar og mennirnir voru góðir við þær, en allt í einu komu heimskir menn og þá þurftu slöngur að verja sig og drepa. En við erum enþá góðar sagði slangan. En þá spurði Faxi, Hvað heitir þú? Ég heiti Krissa en hvað heitir þú? Ég heiti Faxi og ég á engan vin af því ég er ekki eins og hinir hestarnir. Þá sagði Krissa, ég á ekki heldur neina vini út af því að ég er ekki eins og hinar slöngurnar. Ég er galdraslanga. Ég er galdrahestur sagði Faxi. Ættum við að vera vinir, sagði Krissa. Já, sagði Faxi. Æ, ég er svöng. Ég líka, sagði Faxi. Við getum galdrað mat handa okkur sagði Krissa. Já, það gerum við, sagði Faxi. Eftir að þau voru búinn að borða, sofnaði Krissa og Faxi. Krissa sagði, loksins er ég búinn að eignast vin. Ég líka, sagði Faxi.

Höfundur: Steinunn Ruth Guðmundsdóttir, 9 ára.

Ekki eru allir Íslendingar eins - framhald

Það er margt mjög athyglisvert í ritgerð Kristbjargar þar sem hún vitnar í ýmsar rannsóknir sem gerðar hafa verið í öðrum löndum, m.a. norska könnun sem Barbro Sætersdal og Monica Dalen, sem eru prófessorar í uppeldisfræði við háskólann í Osló, og hafa unnið margar og viðamiklar rannsóknir á högum ættleiddra í Noregi í gegnum árin. Það sem þær setja fram er ný kenning í þemur þáttur sem þær hafa prófað í norskum raunveruleika sem gerir það að verkum að auðveldara er að skilja það sérstaka sem verður við ættleiðingu á erlendum börnum eða „sýnilegum ættleiðingum“. Þessir þættir eru kallaðir „höfnun á mun“, „viðurkenning á mun“ og „áhersla á mun“. Hjá Dalen og Sætersdal kemur í ljós að þessir þrír þættir eru mismunandi eftir tíma og stað. Með „áherslu á mun“ er lögð áhersla á þjóðernislegan (etnískan) mun og sú áhersla er svo mikil að hún kemur oft í veg fyrir að annar munur fái að koma í ljós hjá barninu. Þennan mun verða börnin helst vör við úti í samfélaginu hjá þeim sem leggja áherslu á kynþáttamun. Hjá fjölskyldum erlendu barnanna er „viðurkenning á mun“ ráðandi þáttur. „Höfnun á mun“ segja þær algengan í skólunum, þar sem skólar á Norðurlöndum leggi áherslu á að allir séu jafnir, burt séð frá uppruna eða getu og viðurkenning þannig ekki muninn. Þær benda jafnframt á að bæði skólakerfið og foreldrar vísi til „áherslu á mun“ þegar eitthvað bjátar á. Þær taka sem dæmi skólann sem venjulega hafnar öllum mun en þegar illa gengur hjá barninu og það sýnir andfélagslega hegðun þá sé skólinn fljótur að grípa til „áherslu á mun“ til að skýra hegðun barnsins. Þannig fríar skólinn sig ábyrgð með því að leggja „áherslu á muninn“ og vísar til etnískra þátta í fari barnsins. Þá telja Dalen og Sætersdal að þegar illa gengur hjá barninu þá leggi foreldrar einnig „áherslu á mun“ þ.e. að orsakanna sé að leita í fyrri reynslu barnsins og þjóðernislegum gildum og að með því frí foreldrar sig vandamálinu. Við sömu aðstæður hefðu kynforeldrar spurt sig hvað hefði farið úrskeiðis í uppeldinu. Þeir sem vilja kynna sér ritgerð Kristbjargar betur geta fengið að lesa hana í lestrarsal Þjóðarbókhöðunnar, ritgerðin ber heitið: „Ekki eru allir Íslendingar eins“. Viðtöl við foreldra sem hafa ættleitt börn erlendis frá, B.A. verkefni nr. 1235 útgefin í júní 1997.

Ef þið viljið benda fagfólki eða öðrum sem málefnið varðar á ritgerðina er hægt að fá hana keypta hjá Kristbjörgu Leifsdóttur hs: 565 2996.

Ingibjörg Birgisdóttir.

Til þín sem ert hvít

Þegar ég fæddist var ég brún
Þegar ég stækkaði var ég brún
Þegar ég er feimin er ég brún
Þegar ég er veik er ég brún
Þegar mér er kalt er ég brún
Þegar ég dey er ég brún

Þegar þú fæddist varst þú bleik
Þegar þú stækkaðir varðst þú hvít
Þegar þú er feimin ert þú rauð
Þegar þú er veik ert þú græn
Þegar þér er kalt ert þú blá
Þegar þú deyrð ert þú grá

Og þú segir að ég sé lituð!

MJG/(Þýtt úr Vi adoptivfamiljer nr. 2/1997, óþekktur höfundur)

Fáum við skattafslátt?

1966 sóttu fern hjón um lækun á tekjuskattstofni skv. 66. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt, skv. þeirri grein laganna sem kveður á um veikindi. Vitað var um a.m.k. eitt sambærilegt tilfelli frá árinu 1994 og var sú umsókn tekin til greina. Með umsóknunum var látið fylgja læknisvottorð þar sem fram kom að viðkomandi hjón áttu við ófrjósemisvanda að stríða. Síðan var tekinn saman ferða- og gistikostnaður og farið fram á ívilnun vegna þess kostnaðar. Fólk sem áður fór erlendis í glasafrjóvgun fékk skattaívilnun samkvæmt þessari grein.

Tvö af hjónunum fjórum búa í sama skattumdæmi og fengu bæði synjun. Hins vegar var umsóknun hinna hjónanna tekin til greina. Þau hjón er fengu synjun kærðu niðurstöðuna, fyrst til skattstjóra umdæmisins, sem synjaði og var síðan kært til Ríkisskattstjóra sem synjaði einnig. Ríkisskattstjóri hafnaði þeim rökum að um veikindi væri að ræða, einnig firrti hann sig ábyrgð á afgreiðslu einstaka skattstjóra sem, eins og hann orðar það „hafa að vangá fallist á aðra málsmeðferð“. Þannig tekur hann ekki til greina þá kvörtun að fólki er mismunað eftir búsetu eða skattumdæmi.

Þessa afgreiðslu töldu hjónin hvorki samræmast skattalögum né stjórnsýslulögum og sendu því málið til Umboðsmanns Alþingis. Þar er málið í dag og er niðurstöðu að vænta fljótlega. Vitað er um tvö önnur mál í gangi og verður fróðlegt að fylgjast með hvernig afgreiðslu þau fá.

Guðlaug Guðmundsdóttir

Fræðslufundur

Mánudaginn 26. janúar 1998 verður haldinn fræðslufundur sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. **Þórkatla Aðalsteinsdóttir** sálfræðingur mun fjalla um áleið mállefni sem er: **Skýr skilaboð í uppeldi barna- og unglinga**. Fræðslufundurinn er í húsi félagsins að Grettisgötu 6 og hefst kl. 20:30. Ef félagsmenn hafa hugmyndir eða óskir um fræðslu- og umræðuefni á fræðslufundi félagsins þá komið skilaboðum til skrifstofunnar. Vonandi mæta sem flestir á þennan fyrsta fund ársins.

Efni í blaðið

Ritstjórn hvetur félagsmenn til að senda blaðinu greinar eða annað efni. Ábendingar um efni og viðbrögð við blaðinu t.d. hvað mætti betur fara og hvað er vel er einnig vel þegið. Stuttar skondnar sögur úr daglegu lífi, fræðsla, fréttir, ábendingar eða annað sem fólk vill koma á framfæri er vel þegið. Við leggjum áherslu á að blaðið sé lifandi vettvangur félagsmanna. Allt efni í blaðið skal senda skrifstofu félagsins að Grettisgötu 6, 101 Reykjavík.